



STARFSLEYFI

Landsnet hf.

Kt. 580804-2410

Laxárstöð

660 Mývatn

- spennistöð ásamt einum aflspenni sem inniheldur 8.000 lítra af spennaolíu.-

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit m.s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma og meðfylgjandi starfsleyfiskilyrðum.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfiskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra hverju sinni þar til tilkynnt hefur verið um stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

Gildir til: 2. mars 2035

2. mars 2023

xx
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

vegna starfsleyfis

Starfsleyfishafi: Landsnet hf. kt 580804-2410

Starfsstöð: Laxárstöð
660 Mývatn

Um er að ræða leyfi fyrir spennistöð og einum aflspenni sem inniheldur 8.000 lítra af spennaolíu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grunni reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit

1. Lýsing á starfsemi og skilyrði sem gilda.

1.1. Spennistöð

Um er að ræða spennistöð með einum aflspenni með 8.000 ltr. af spennaolíu. Spennirinn stendur utandyra í opinni lekavarnaþró með olíuskilju.

M.a. skal farið eftir:

- Reglugeð 550/2018 un losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit
- Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi
- Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi. Fylgiskjal I
- Starfsleyfisskilyrðum fyrir stórar spennistöðvar. Fylgiskjal II

2. Innra eftirlit fyrirtækisins

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Beita skal bestu fánlegu tækni þar sem slíkt hefur verið skilgreint.

Auk ákvæðis 1.5 í starfsleyfisskilyrðum fyrir stórar spennistöðvar (fsk. II) skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar

- Halda skal saman upplýsingum um þjónustu við lekaþró undir spennum þ.e. upplýsingar um eftirlit með þrónni, dagsetningu tæmingar og magn sands og/eða olúsora sem úr henni er tekið ef við á.
- Halda skal saman rannsóknaniðurstöðum af mælingum á olú í fráveituvatni frá lekaþrónni ef mælingar eru framkvæmdar.

3. Lóð og umhverfi

3.1.Lóð

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

3.2.Mengunarvarnir fráveitu

3.2.1. Rotþró

Fráveita frá starfsstöðinni, þ.m.t. snyrtingum skal leidd í rotþró. Skytt er að fylgjast virkni þróarinnar og tæma hana eftir þörfum, að lágmarki á 5 ára fresti.

3.3.Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Skytt er að nota sorpílát sem Heilbrigðiseftirlit hefur samþykkt.

Um úrgang gilda m.a:

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

3.4.Óhöpp

Komi til óhappa eða slysa sem geta haf umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll. Óhöpp skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Fylgiskjal I

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.	550/2018	
1.2	Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/198 0	
1.3	Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.	550/2018	
1.4	Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018	
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018	
1.6	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	Lög nr. 7/1998	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/201 2	

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorphlát.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.2	Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.3	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012	
2.4	Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
2.5	Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.2	Loftræstingu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.	724/2008, rgl. nr. 550/201 8 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.3	Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslisli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.	798/1999	

3.4	Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	737/2003	
3.5	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
3.6	Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999	
3.7	Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósonlagsins.	970/2013	
3.8	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003	
3.9	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017	

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
4.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999	
4.3	Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	

<p>4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.</p>	806/1999	
<p>4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.</p>	806/1999	
<p>4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.</p>	806/1999 11. gr.	
<p>4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.</p>	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

5. EFTIRLIT

	Rgl.nr.	Uppfyllt
<p>5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.</p>	550/2018 og lög nr. 7/1998	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR stórar spennistöðvar

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum..

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur stórra spennistöðva þar sem spennar innihalda yfir 2.000 lítra af spennaolíu. Um aðrar spennistöðvar gilda almenn varúðarsjónarmið.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 18. gr.	

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐAMÖRK

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
2.2	Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	
2.3	Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu.	737/2003 16. og 18. gr.	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Spennar skulu vera þannig frágengnir að ekki sé hætt á mengun jarðvegs, grunnvatns eða yfirborðsvatns.	737/2003, rgl. nr. 796/1999, ofl.	
3.2	Spennar sem standa utandyra skulu staðsettir í olíuheldri þró sem tekur að minnsta kosti við rúmmáli þess spennis sem er með mesta olíu. Allar tengingar við spenna skulu lagðar yfir ystu þróarveggi og skal svæðið afgirt traustri girðingu.	884/2017	
3.3	Spennar sem eru innanhúss skulu vera í lokuðu og lekaheldu rými án niðurfalls. Gæta skal þess að olía berist ekki í frárennsli.	884/2017	
3.4	Ef vatn í spennapró inniheldur yfir 15 hlutum í milljón (ppm) af olíu getur það valdið mengun. Olíumengað vatn skal flutt og fargað í samræmi við ákvæði laga og reglugerða af viðurkenndum aðilum sem hafa gilt starfsleyfi. Verklag við förgun á vatni úr spennapró skal vera með samþykki heilbrigðisnefndar	796/1999 og rgl. nr. 797/1999	
3.5	Þegar þörf er á viðgerð aflspennis skal taka sýni af spennalíu til 739/2009 greiningar á PCB og umhverfisskaðlegum staðgengilsefnum þeirra, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 739/2009, sé innihald olíunnar ekki þekkt eða ef ekki liggur fyrir eldri greining á spennalíunni.	739/2009	
3.6	Tilkynna skal til eftirlitsaðila ef spennalíu hefur borist út í umhverfið og skal þar koma fram áætlað magn, ástandslýsing og viðbrögð. Tilkynningin skal berast eins fljótt og kostur er frá því að leki uppgötvast.	884/2017	
3.7	Ísogsbúnað eða ísogefni skal hafa til taks og nota ef spilliefni lekur niður. Fari niður meiri olía en svo að starfsmenn ráða við að fjarlægja skal gera slökkviliði viðvart um neyðarsíma 112.	884/2017 og lög nr. 75/2000	
3.8	<p>Rekstraraðili hefur eigið eftirlit með starfsemi spennistöðva, þar sem kemur m.a.:</p> <p>a) Fjöldi rafspenna, tegund og magn einangrunarolíu og rýrnun.</p> <p>b) Fjöldi háspennurofa, tegund og magn gróðurhúsalofttegunda/ ósoneyðandi efna og rýrnun.</p> <p>c) Atvik er varða mengunarvarnir rekstraraðila, s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnarbúnaði, bilanir, mengunaróhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfismála.) Notkun, flutningur og förgun spilliefna, sbr. reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.</p> <p>e) Magn olíusora og sands í olíuskiljum, mælt við reglulegt eftirlit, dagsetningar tæminga, magn og nafn dæluaðila. Heilbrigðis-eftirlitið skal hafa aðgang að ofangreindum skráningum.</p>	550/2018 8. og 57. gr	
3.9	Mengist jarðvegur vegna starfseminnar er rekstraraðili ábyrgur fyrir 5. gr. því að hann sé meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar nr. 8/1998 um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.	884/2017 5.gr	

3.10	Flutningsaðili 1000 lítra af spennalíu, eða meira, og flutningsaðilar sem flytja spennalíu eða búnað sem inniheldur PCB eða umhverfisskaðlegan staðgengilsefni þeirra skulu hafa réttindi til að flytja hættulegan farm.	1077/2010	
3.11	Leggist starfsemin niður skulu olútankar og annar búnaður fjarlægður í samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd og spilliefnum komið í viðurkennda förgun. Tilkynna skal heilbrigðisnefnd ef starfsemin er lögð niður eða ef eigendaskipti verða.	550/2018 og rgl. nr. 806/1999	

4. MEÐFERÐ HÆTTULEGRA EFNA

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið, ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða	415/2014 og lög nr. 61/2013	
4.2	Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu á þeim.	550/2018	
4.3	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013	
4.4	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi 550/2018 viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári.	550/2018	

5. MEÐFERÐ ÚRGANGS OG SPILLIEFNA

		Reg.nr.	Uppfyllt
5.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að eftir ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs	415/2014 og lög nr. 61/2013	
5.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999	
5.3	Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	

5.4	Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun 806/1999 umhverfisinsæðaskaðlegum áhrifum á fólk eðadýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.	806/1999	
5.5	Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.	806/1999	
5.6	Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit hjá rekstraraðila.	806/1999 11. gr.	
5.7	Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, lög nr. 75/2000 um brunavarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. 797/1999 um mengun grunnvatns, reglugerð nr. 739/2009 um hreinsun og förgun PCB og staðgengilsefna þess, reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.